

getur 3 vikna flókingur hans inn í Vindhælishrepp orðið Engihlíðarhreppsnefnd í hag, **168**  
sem hún hafði sjálf gefið tilefni til hans. 25. okt.

Það hefir þannig ekkert komið fram, sem getur verið því til fyrirstöðu, að Hjórtur hafi unnið framfærslurjett í Engihlíðarhrepp með samfleyttri 10 ára dvöl sinni þar. Hinn áfrýjaði úrskurður yðar herra amtmaður, skal því úr gildi feldur, og Engihlíðarhreppur vera skyldur til að endurgjalda Vindhælishreppi það, sem þessi hreppur hefir lagt með optnefndum Hirti Guðmundssyni eptir löglega úrskurðuðum reikningi.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um endurgoldinn sveitarstyrk.* — Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit yðar herra amtmaður um áfrýjun Laxárdalshrepps í Dalasýslu á úrskurði yðar frá 20. marz þ. á., er ákveður Magnús Böðvarsson sveitlægan þar, vil jeg tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar það, er nú segir: **169**  
29. okt.

Vorið 1859 fluttist Magnús úr Laxárdalshreppi inn í Helgafellssveit í Snæfellsnessýslu, og þegar hann var búinn að dvelja þar nærfellt 9 ár, skýrði hreppstjórinn í Helgafellssveit með brjefi frá 12. marz 1868 hreppstjóranum í Laxárdalshreppi frá, að Magnús hefði fengið 7 kr. 83 a. (3 rdl. 88 sk.) sveitarstyrk og beiddist endurgjalds af Laxárdalshreppi á þessari upphæð.

Hreppstjórinn í Laxárdalshreppi játaði með brjefi 26. s. m. Magnús sveitlægan þar í hreppi, og lofaði að borga skuldina, og virðist skuldin þar á eptir að hafa verið borguð að tilhlutun hreppstjórans í Laxárdalshreppi af sumarkaupi Magnúsar 1868. Eptir það dvaldi Magnús enn 3 ár í Helgafellssveit, fór þá burt úr hreppnum, en kom aptur og þáði veturinn 1875—76 24 kr. 95 a. sveitarstyrk. Þegar Helgafellssveit heimtadi þenna styrk endurgoldinn, neitaði Laxárdalshreppur þessu, og hjelt því fram, að Magnús hefði með 12 ára dvöl í Helgafellssveit áunnið sjer þar framfærslurjett því styrknunum 1868 hefði verið neytt upp á hann.

Undir rannsókn þeirri, sem síðan hefir farið fram, hafa komið fram nokkrar líkur fyrir því, að hreppstjórinn í Helgafellssveit hafi amast við Magnúsi, áður en hann þáði styrkinn 1868 og jafnvel hótað að senda hann heim á hrepp hans þá þegar nm veturinn eða vorið, og hefir Magnús skýrt frá því, að það hafi að eins verið sökum þessarar hlutsemi hreppstjórans og af því, að hann þóktist sjá fram á, að hann fengi ekki frið, fyrr en hann beiddi um sveitarstyrk, að hann þáði nefnda upphæð úr sveitarsjóði. Aptur á móti hefir Helgafellssveit ekki viljað játa þetta, en haldið því fram, að Magnús hafi alveg ótilneyddur beizt styrksins, og að hann hafi verið hans mjög þurfandi. Með því nú að hreppstjórinn í Laxárdalshreppi ekki hreifði árið 1868 neinum mótmælum gegn sveitarstyrki þeim, er þá var spurning um, en þvert á móti brjeflega játaði hrepp sinn skyldugan til að endurgjalda hann, og með því að hann síðan var endurgoldinn, getur ekki komið til tals að taka mótmæli þau, er 7 árum þar á eptir komu fram, til greina nema því að eins, að þau hefðu verið ítarlega sönnuð. En það hefir ekki átt sjer stað. Líkur þær, er Laxárdalshreppur hefir tilfært, hefðu ef til vill getað veikt kröfu Helgafellssveitar, hefðu þær komið fram 1868; en nú löngu eptir að krafa sú, sem þá kom fram frá Helgafellssveit, hefir verið útkljáð, geta þær ekki haft þann krapt, að þær raski því, sem þá fór fram án nokkurs ágreinings milli hlutaðeigandi hreppa.

Jeg er því yður, herra amtmaður, samdóma um, að styrkur sá, er árið 1868 var lagður Magnúsi Böðvarssyni úr sjóði Helgafellssveitar, hafi varnað því, að Magnús hafi

**169** áunnið sjer framfærzlurjett í tjeðri sveit; og skal því hinn áfrýjaði úrskurður yðar frá 29. okt. 20. marz þ. á. óraskaður standa.

**170** — *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu um champagne-cider.* — Verzlunarhúsið Sv. Jacobsen & Co. á Seyðisfirði hafði borið sig upp undan því, að það hefði verið krafid um toll af «champagne-cider» er það hafði flutt hingað til landsins í fyrra. Landshöfðingi úrskurðaði, að lögur þessi yrði, eptir því sem komið hafði fram, að teljast með áfengum drykkjum, og að því ekki gæti komið til tals að endurborga toll þann, er kærandi hafði greitt af honum.

**171** — *Brjef landshöfðingja til stíptysfirvaldanna um lán til jarðabóta á prestssetri.* — Samkvæmt tillögum stíptysfirvaldanna í brjefi frá 11. þ. m. veitist hjer með Nesþingaprestakalli í Snøfellsnesprófastsdæmi 300 kr. lán til að halda áfram jarðabótum á prestssetrinu Þæfusteini gegn 4% árlegum vöxtum og gegn því, að lánið verði endurgoldið með  $\frac{1}{12}$  eða 25 kr. á ári hverju. Það er skilyrði fyrir því, að lánið eða nokkur hluti þess verði ávísaður til útborgunar, að sannað verði áður með löglegri virðingargjörð og vottorði frá hlutadeigandi prófasti, að búið sje að gjöra þær jarðabøtur, að arðurinn af þeim muni vera nægilegur til að greiða vexti af láninu og að endurborga það.

Þetta er hjer með tjáð stíptysfirvöldunum til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

**172** — *Brjef landshöfðingja til biskups um veitingu prestakalla.* — Samkvæmt áskorun hjeradsfundarins í Suður-Þingeyjar prófastsdæmi frá 11. f. m. hefir hlutadeigandi prófastur farið fram á, að 7. gr. laga 27. febr. þ. á. um stjórn safnaðarmála og skipun sóknarnefnda og hjeradsnefnda verði eptirleiðis fullnægt þannig, að þegar brauð er undir veitingu, sje viðkomandi sóknarnefnd send skrá yfir þá, sem sótt hafa um brauðið, svo að nefndinni gefist kostur á að mæla fram með einum umsækjanda, áður en brauðið sje veitt. Takið þjer í þóknanlegu brjefi frá 26. þ. m. fram, að það sje hvortveggja, að ekki er ákveðið í 7. gr. nefndra laga, að senda skuli hlutadeigandi sóknarnefnd slíka skrá yfir umsækjendurna, enda hafi lögin ekki getað haft þetta fyrir augum, því ef svo væri, gæti það valdið óbærilegum drætti á veitingu brauðsins og afleiðingin stundum orðið sú, að söfnuðurinn yrði sviptur prestspjónustu um lengri eða skemmri tíma. Þó að þjer því áltíð að áminnt áskorun sje sprottin af misskilningi á nefndu lagaboði, hafið þjer áltíð, að yður bæri að bera málið undir úrskurð minn.

Fyrir því skal yður, herra biskup, hjer með þjónustusamlega tjáð hið eptirfylgjandi til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeigöndum.

Þó að 7. gr. laga 27. febr. þ. á. heimili sóknarnefndum rjett til, þegar prestakall er undir veitingu, að mæla fram með einum umsækjanda, er þar með ekki veitt söfnuðunum hlutdeild í veitingunni sjálfri, og var þetta ljóslega tekið fram í umræðunum á alþingi um lögin. Aptur á móti leiðir það af sjálfu sjer, að þegar sóknarnefnd vill neyta rjettar síns til að mæla fram með einum sækjanda, mun, ef slík meðmæli eru á góðum rökum byggð, verða tekið tilhlýðilegt tillit til þeirra við veitingu prestakallsins. Lögin láta það á valdi sóknarnefndarinnar sjálfar, hvort hún vilji neyta